

# 2014

## Ársskýrsla



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2014

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Mynd á forsíðu: Brauðhnífur. Mynd. Beata Fabian

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Unnur Birna Karlsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir 2014

Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Opnunartími.....	3
Starfsfólk .....	3
Húsnæðismál .....	3
Geymslumál.....	3
Eignarhald Safnahúss til Fljótsdalshéraðs .....	4
Rekstur og fjármál .....	4
Styrkir .....	4
Styrkir veittir á árinu 2014: .....	4
Skráningarmál – Sarpur.....	5
Sýningarhald 2014.....	5
Grunnsýning .....	5
Sérsýning .....	5
Samstarf.....	5
Ráðstefnur, námskeið og fundir .....	5
Samstarfsverkefni.....	5
Ljósmyndasafn Austurlands .....	5
Þjónustusamfélagið á Fljótsdalshéraði .....	6
Samningar.....	6
Um Geirsstaði, tilgátuhús .....	6
Um forvörslu dráttarvélar .....	6
Gestafjöldi og heimsóknir .....	6
Stjórnarfundir .....	6

## Inngangur

Árið 2014 í starfi Minjasafnsins einkenndist af þeim áherslum sem fyrir lágu, sem voru að finna lausn á vöntun safnsins á geymslurými, vinna áfram að bættri skráningu safnskots og ljósmyndun safnmuna og vinnu við að mæta kröfum nýrra safnalaga til safna í landinu. Síðast en ekki síst var unnið að gerð væntanlegrar nýrrar grunnsýningar í sýningarsal safnsins.

## Opnunartími

Yfir vetrartímann til vors 2014 var safnið opið samkvæmt samkomulagi, fyrir gesti og gangandi og skólahópa. Sumaropnun var virka daga kl. 13-17 og laugardaga og sunnudaga kl. 13-17 frá 1. júní til 31. ágúst. Sýningarsal safnsins var lokað alveg 1. sept. vegna breytinga í sýningarsal og sú lokun varði það sem eftir var ársins.

## Starfsfólk

Við safnið eru tvö stöðugildi sem skiptast þannig að Unnur B. Karlsdóttir safnstjóri er í 100% starfi og tveir safnverðir í 50% starfi. Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Safnverðirnir Edda Björnsdóttir og Beata Fabian gegna hvor um sig 50% starfi safnvarðar og Beata gegnir auk þess 40% starfi við ræstingar í Safnahúsi.

Þorgerður Guðmundsdóttir var ráðin sumarstarfsmaður í 50% starf í afgreiðslu safnsins frá júníbyrjun til ágústloka. Þorgerður var einnig sumarstarfsmaður safnsins sumarið áður.

## Húsnæðismál

Fljótsdalshérað tók við eignarhaldi Safnahússins í árslok 2013. Viðhald í húsinu á árinu var unnið í samstarfi við Fljótsdalshérað. Viðhald fólst í viðgerð á útidyrabúnaði, viðgerðum á rakataeki, viðhaldi loftræstikerfisbúnaðar og endurbótum í sýningarsal Minjasafnsins þar sem birgja þurfti glugga til að verja sýningarmuni fyrir sólarljósi og útveggir voru málaðir í lit samkvæmt forskrift sýningarhönnuðar Björns G. Björnssonar.

## Geymslumál

Geymsluhúsnæði Minjasafnsins er löngu sprungið. Safnstjóri óskaði fylgis stjórnar safnsins að leita eftir nýju húsnæði. Safnstjóri fylgdi eftir ákvörðun stjórnar safnsins frá aðalfundi vorið 2014 að finna viðbótargeymslurými fyrir safnkost safnsins. Lausn fannst í samstarfi við bæjaryfirvöld Fljótsdalshéraðs. Niðurstaðan varð sú að safnið fékk húsnæði undir gamlar búvélar og tæki í bragga í eigu Fljótsdalshéraðs og í geymslurými í eigu bæjarins að Tjarnarási á Egilsstöðum.

Rýmt var til í bragganum haustið 2014 svo hægt var að setja þar inn muni sem þangað þurftu að fara þegar rýmt var út úr sýningarsal vegna fyrirhugaðra breytinga á sýningu. Fyrir í bragganum voru vörubifreið og járnhjólatraktor í eigu safnsins. Húsnæðið á Tjarnarási var í notkun og fyrirsjáanlegt að það gæti ekki losnað úr þeirri starsemi fyrr en í ársbyrjun 2015.

Þrátt fyrir geymsluvandræði safnsins þurfti að rýma stóra og marga muni út úr sýningarsal í Safnahúsi svo hægt yrði að fara í vinnu í sal vegna endurbóta og sýningargerðar og varð neyðarúrræði að geyma munina framan við sýningarsal safnsins þar til geymslupláss á Tjarnarásnum mundi losna til að taka við þeim munum.

## Eignarhald Safnahúss til Fljótsdalshéraðs

Á árinu 2013 var unnið að kaupum Fljótsdalshéraðs á Safnahúsinu, og fór afhending hins selda fram 31. desember 2013. Umsamið kaupverð fyrir hlut Minjasafnsins í húsinu greiddist með endurgjaldslausum afnotum safnsins (sem seljanda), af eigninni til 12 ára, frá og með 1. janúar 2014.

## Rekstur og fjármál

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2014 að fjárhæð 6,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 132,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

(Í árslok 2013 keypti sveitarfélagið Fljótsdalshérað eignarhlut Minjasafnsins í Safnahúsinu á Egilsstöðum á 143,9 millj. kr. Samhliða undirritun kaupsamnings var undirritaður samningur um afnot eignarinnar til næstu tólf ára, viðhalds- og endurbótaáætlun og skilmálar leigu eftir lok afnotatíma.)

## Styrkir

### Styrkir veittir á árinu 2014:

	Styrkir til sérverkefna - Minjasafn Austurlands		Verkefni
Ár	Styrkveitandi	Úthlutun	
2014	Vinir Vatnajökuls	6.000.000	Hreindýrasýningin
2014	Safnasjóður - rekstrarstyrkur	1.000.000	Endurbætur í sýningarsal
2014	Safnasjóður - verkefnisstyrkur	1.000.000	Hreindýrasýningin
2014	Menningarráð Austurlands	400.000	Hreindýrasýningin
2014	Menningarráð Austurlands	300.000	Samstarfsverkefni - ferðastyrkur
2014	Þróunarsjóður Námsgagna	1.350.000	Gerð námsefnis um hreindýrin á Íslandi*
2014	Alcoa Samfélagsstyrkur	100.000	Hreindýrasýningin
	<b>Alls úthlutað 2014</b>	<b>10.150.000</b>	

\* Verkefnið verður unnið á vorönn 2015 og lengur ef þarf í samvinnu við skólustjóra og kennara Egilsstaðaskóla. Verkefnisstjóri Unnur B. Karlsdóttir.

## Skráningarmál – Sarpur

Skráðir munir í munaskrá Minjasafnsins í gagnagrunninum Sarpi voru í árslok 2014 orðnir hátt í ellefu þúsund. Verið er að prófarkalesa færslur eins og tími gefst til og birta í Sarpi á vefnum. Mikið verk hefur verið unnið á undanförunum árum af núverandi safnvörðum við að lagfæra skráningu og bæta inn í eyðurnar í eldri skráningu.

Safnverðir unnu mikið og gott starf við að færa muni úr sýningarsal og inn í geymslur safnsins haustið 2014 (smærri munina) og skrá þá alla skilmerkilega í Sarp og ljósmynda. Þetta starf var enn einn áfangi á safninu síðustu misserin í því að bæta skráningu safngripa í vörslu safnsins.

## Sýningarhald 2014

### Grunnsýning

Sýningin „Sveitin og þorpið“ sem opnuð var á vordögum 2006 stóð óbreytt áfram fram á haust 2014. Hönnuður er Björn G. Björnsson.

### Sérsýning

Sérsýning Minjasafnsins 2013-2014 voru útskornir munir í eigu safnsins en útskurður í tré er mikilvægur þáttur í íslenskum menningararfi. Á Minjasafni Austurlands er varðveittur fjöldi útskorinna muna frá liðnum öldum. Elstu tímasettu gripirnir eru frá því á sautjándu öld og þeir yngstu frá síðari hluta þeirrar tuttugustu.

## Samstarf

### Ráðstefnur, námskeið og fundir

Ráðstefnur/námskeið/fundir:

- Stjórnarfundir FISOS, fjarfundir og fundarseta á staðnum eftir aðstæðum.
- Farskóli safnamanna í Berlín í sept. 2014.
- Námskeið, safnstjóri og safnverðir sátu námskeið í notkun og skráningu í Sarpi.
- Fundir safnstjóra í vinnuhópi um gæðamál og endurbætur á Sarpi.
- Málþing í Vesterålen í Noregi í sept. 2014 um samstarf safna þar í Noregi og á Austur- og Norðausturlandi.

## Samstarfsverkefni

### Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands hefur verið í góðu samstarfi við Minjasafn Austurlands eins og undanfarin ár en Minjasafnið veitir fé til reksturs ljósmyndasafnsins að einum þriðja en umsjón með rekstri og verkefnum Ljósmyndasafnsins hefur Héraðsskjalasafnið.

## **Þjónustusamfélagið á Fljótsdalshéraði**

Minjasafnið gerðist aðili að Þjónustusamfélaginu á Fljótsdalshéraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu með það að markmiði að efla upplýsingagjöf og þjónustu á Fljótsdalshéraði við íbúa og ferðamenn. Aðild safnsins felst í greiðslu árgjalds og sú þjónusta sem safnið naut á vegum Þjónustusamfélagsins á árinu 2014 var auglýsing og kynningarefni á vefnum Visit Egilsstaðir; <http://www.visitegilsstadir.is/is>.

## **Samningar**

### **Um Geirsstaði, tilgátuhús**

Gerður var samningur við ábúendur Litla-Bakka í Hróarstungu að taka til varðveislu og eignar tilgátubygginguna úr torfi sem kölluð er Geirsstaðakirkja og stendur í landi Litla-Bakka. Þetta gekk í gildi að fullu í tryggingum og öðru frá og með árslokum 2014. Minjasafnið er því ekki lengur eignaraðili að tilgátuhúsinu á Litla-Bakka.

### **Um forvörslu dráttarvélar**

Samningur um forvörslu dráttarvélarinnar Farmall A: Gerður var samningur við Baldur Grétarsson Kirkjubæ Hróarstungu og Sigurð Borgþór Gunnarsson á Egilsstöðum um að taka til eignar og uppgerðar Farmaltraktor í vörslu safnsins, með skilmálum um viðgerð og viðhald og aðgang safnsins að vélinni til sýninga.

## **Gestafjöldi og heimsóknir**

Taldir innlendir og erlendir gestir sem komu á safnið sumarið 2014 voru á milli sex og sjö hundruð. Væntingar standa til að ný grunnsýning sem opnar á árinu 2015 muni auka gestafjölda.

## **Stjórnarfundir**

Á árinu 2014 voru haldnir 4 stjórnarfundir, fundur í febrúar vegna breyttrar eignaraðildar að Safnahúsi, aðalfundur að vori 2014, þar sem lagður var fram ársreikningur og ársskýrsla 2013. Ný stjórn tók við í kjölfar sveitarstjórnakosninga vorið 2014 og fundaði tvisvar á árinu, þá um haustið um afgreiðslu fjárhagsáætlunar safnsins fyrir 2015 og annar fundur var haldinn í október til að afgreiða fyrirliggjandi mál í tengslum við verkefni safnsins og hagsmuni.

Breytingar á stjórn safnsins eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2014 eru þær að í stjórn Minjasafnsins sitja Marianna Jóhannsdóttir, formaður, (Fljótsdalshérað), Kristjana Björnsdóttir, varaformaður (Borgarfjörður eystri), Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, ritari (Fljótsdalshérað), Gunnhildur Ingvarsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir (Fljótsdalshreppur). Varamenn eru: Páll Sigvaldason og Skarphéðinn G. Þórisson (Fljótsdalshérað), Gunnar Jónsson (Fljótsdalshreppur) og Björn Aðalsteinsson (Borgarfjörður eystri).